

## REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2022/1280

2023/EES/40/43

frá 18. júlí 2022

um sértækar og tímabundnar ráðstafanir, í ljósi innrásar Rússlands í Úkraínu, varðandi skjöl fyrir öikumenn sem gefin eru út í Úkraínu í samræmi við löggjöf landsins (\*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 91. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð <sup>(1)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 24. febrúar 2022 gerði rússneski herinn umfangsmikla innrás í Úkraínu frá mörgum stöðum í Rússneska sambandsríkinu, frá Belarús (Hvíta-Rússlandi) og frá svæðum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar Úkraínu. Af þessum sökum eru núna vopnuð átök á stórum svæðum á yfirráðasvæði Úkraínu þaðan sem milljónir manna hafa flúið eða eru á flotta frá.
- 2) Vegna þessarar tilefnislausu og óréttmætu hernaðarárásar gegn Úkraínu hafa milljónir manna neyðst til að yfirgefa heimili sín og heimahaga. Til að bregðast við þessu hefur ráðið, í samræmi við tilskipun ráðsins 2001/55/EB <sup>(2)</sup>, í fyrsta sinn staðfest að um sé að ræða stórfellt innstreymi fólks til Sambandsins sem hefur neyðst til að yfirgefa heimili sín og heimahaga og orðið að yfirgefa Úkraínu vegna vopnaðra átaka, með því að samþykkja framkvæmdarákvörðun ráðsins (ESB) 2022/382 <sup>(3)</sup>, þar sem tilgreindir eru hópar fólks sem hafa neyðst til að yfirgefa heimili sín og heimahaga en sem hafa rétt á tímabundinni vernd eða fullnægjandi vernd í Sambandinu samkvæmt landslögum.
- 3) Ökuskírteini auka hreyfanleika handhafa þeirra og auðvelda þeim daglegt líf með því að heimila þeim að aka aflknúnum ökutækjum. Nauðsynlegt er að þeir sem starfa sem atvinnubílstjórar við flutning á vörum og farþegum fyrir fyrirtæki með staðfestu í Sambandinu séu handhafar starfshæfnisvottorðs. Við ríkjandi aðstæður stuðla báðar gerðir skjala að þátttöku einstaklinga, sem njóta tímabundinnar verndar eða fullnægjandi verndar samkvæmt landslögum, í efnahagslegri og félagslegri starfsemi í hinu nýja umhverfi sínu.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 195, 22.7.2022, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Afstaða Evrópuþingsins frá 7. júlí 2022 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 18. júlí 2022.

(2) Tilskipun ráðsins 2001/55/EB frá 20. júlí 2001 um lágmarkskröfur til að veita tímabundna vernd ef til stórfellds innstreymis fólks, sem hefur neyðst til að yfirgefa heimili sín og heimahaga, kemur og um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi milli viðleitni aðildarríkjanna til að veita slíkum einstaklingum viðtöku og afleiðinga þess (Stjtið. ESB L 212, 7.8.2001, bls. 12).

(3) Framkvæmdarákvörðun ráðsins (ESB) 2022/382 frá 4. mars 2022 um staðfestingu á stórfelldu innstreymi fólks, sem hefur neyðst til að yfirgefa heimili sín og heimahaga, frá Úkraínu í skilningi 5. gr. tilskipunar 2001/55/EB, og sem hefur þau áhrif að koma á tímabundinni vernd (Stjtið. ESB L 71, 4.3.2022, bls. 1).

- 4) Í samræmi við XXXII. viðauka við samstarfssamninginn milli Evrópusambandsins og Kjarnorkubandalags Evrópu og aðildarríkja þeirra annars vegar og Úkraínu hins vegar<sup>(4)</sup> hefur Úkraína samræmt lög sín ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/59/EB<sup>(5)</sup>, einkum í því skyni að heimila útgáfu samsvarandi starfshæfnisvottorða fyrir öikumenn hóp- og vörubifreiða í millilandaflutningum.
- 5) Í samningnum um umferð á vegum, sem gerður var í Vín 8. nóvember 1968 (hér á eftir nefndur „Vínarsamningurinn um umferð á vegum“) og Úkraína er aðili að, er kveðið á um tilteknar reglur sem heimila viðurkenningu ökuskírteina við tiltekin skilyrði. Þó eru ekki öll aðildarríki aðilar að þeim samningi. Að auki er, eins og sakir standa, ekki til neinn samræmdur rammi Sambandsins um skipti á ökuskírteinum eða starfshæfnisvottorðum sem eru gefin út af þriðju löndum, s.s. Úkraínu. Einkum er mælt fyrir um kröfur, sem tengjast mögulegum skiptum á ökuskírteinum, í landslöggjöf aðildarríkja eða í gildandi tvíhliða samningum milli þeirra aðildarríkja og Úkraínu. Ólíkar kröfur í hinum ýmsu aðildarríkjum, einkum að því er varðar viðurkenningu ökuskírteina og starfshæfnisvottorða, geta haft neikvæð áhrif á líf og frelsi þeirra sem hafa neyðst til að yfirgefa heimili sín og heimahaga og eru á flotta undan hernaðaráttökum Rússlands gegn Úkraínu, á þeim tíma sem þeir einstaklingar eru sérstaklega berskjaldaðir.
- 6) Því er viðeigandi í þessu samhengi að hafa sameiginlegan ramma Sambandsins um viðurkenningu ökuskírteina sem gefin eru út í Úkraínu og eru í höndum einstaklinga sem njóta tímabundinnar verndar eða fullnægjandi verndar samkvæmt landslögum. Til að draga úr álagi á slíka einstaklinga og á yfirvöld aðildarríkjanna ætti að viðurkenna ökuskírteini sem Úkraína gefur út á tilhlýðilegan hátt til handa þessum einstaklingum í þann tíma sem þeir njóta tímabundinnar verndar, án þess að handhafar þeirra þurfi að skipta þeim út.
- 7) Í Vínarsamningnum um umferð á vegum er þess krafist að handhafar ökuskírteina framvísi, í tilteknum tilvikum, alþjóðlegum ökuskírteinum svo unnt sé að viðurkenna réttindi þeirra til aka ökutækjum. Einnig er hægt að krefja slíka handhafa um að framvísa vottaðri þýðingu á ökuskírteinum sínum. Þær kröfur fela þó í sér óhóflegt álag á fólk frá Úkraínu, sem hefur neyðst til að yfirgefa heimili sín og heimahaga, og verða í mörgum tilvikum líklega ekki uppfylltar. Því ætti ekki að gera þá kröfu að slíkir einstaklingar, sem njóta tímabundinnar verndar eða fullnægjandi verndar samkvæmt landslögum, framvísi slíkum skjölum á yfirráðasvæði Sambandsins. Þessi viðurkenning ætti þó ekki að hafa áhrif á beitingu refsilaga og löggæsluákvæða, sbr. þó meginregluna um yfirráðasvæði.
- 8) Þrátt fyrir að Úkraína hafi þegar samræmt landslög sín ákvæðum tilskipunar 2003/59/EB, að því er varðar öikumenn sem stunda millilandaflutninga, þurfa úkraínskir atvinnuökumenn sem óska eftir að starfa fyrir flutningafyrirtæki á vegum með staðfestu í Sambandinu eftir sem áður að uppfylla kröfur um hæfi og þjálfun í aðildarríki. Því ætti að vera mögulegt fyrir aðildarríkin að gefa út atvinnuskírteini öikumanns, eins og um getur í tilskipun 2003/59/EB, til handa hlutaðeigandi einstaklingum, eða skrá sérstaka bráðabirgðatáknölu Sambandsins „95.01 (til 6.3.2025 í síðasta lagi)“ í viðeigandi ökuskírteini einstaklinga sem njóta tímabundinnar verndar eða fullnægjandi verndar samkvæmt landslögum og eru handhafar atvinnuskírteinis öikumanns sem er gefið út í Úkraínu í samræmi við úkraínska löggjöf í þeim tilgangi að veita hlutaðeigandi einstaklingum tímabundin réttindi sem eru sambærileg réttindum þeirra einstaklinga sem eru hæfir til að annast akstursstarfsemina sem fellur undir 1. gr. tilskipunar 2003/59/EB. Í því skyni er aðildarríkjum heimilt að samþykka landsbundnar reglur þar sem mælt er fyrir um umfang og lengd skyldubundinnar viðbótarþjálfunar og próf í kjölfarið, til að tryggja að hlutaðeigandi einstaklingar uppfylli staðlana í tilskipun 2003/59/EB. Ef um er að ræða yfirlýsingu um að atvinnuskírteini öikumanns, sem gefið er út í Úkraínu, hafi glatast eða verið stolið ættu aðildarríki að vera í aðstöðu til að sannprófa, þ.m.t. gagnvart lögbærum yfirvöldum í Úkraínu, hvort hlutaðeigandi einstaklingur sé handhafi gilds starfshæfnisvottorðs sem gefið er út í Úkraínu. Sem viðbótarráðstöfun ætti að vera mögulegt að skrá sérstaka bráðabirgðatáknölu Sambandsins í öikumannsvottorðið sem er gefið út til handa öikumanninum.

(4) Stjttð. ESB L 161, 29.5. 2014, bls. 3.

(5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/59/EB frá 15. júlí 2003 um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun öikumanna tiltekinna ökutækja til vöru- eða farþegaflutninga, um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 og tilskipun ráðsins 91/439/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 76/914/EBE (Stjttð. ESB L 226, 10.9.2003, bls. 4).

- 9) Þar sem ökuskírteini og atvinnuskírteini ökumanns hafa yfirleitt takmarkaðan gildistíma er nauðsynlegt að endurnýja þau reglulega. Ríkjandi aðstæður gera Úkraínu ekki kleift að sinna verkefnum sínum á eðlilegan hátt og því er ekki víst að landið sé í aðstöðu til að endurnýja fyrirbyggjandi stjórnsýsluskjöl. Aðildarríki ættu því að taka tillit til upplýsinga sem Úkraína getur veitt þeim og framkvæmdastjórninni eftir opinberum leiðum.
- 10) Flótti frá stríðsátökum hefur oft í för með sér að ökuskírteini glatast eða þeim er stolið eða þau eru skilin eftir á stríðssvæðinu án þess að unnt sé að endurheimta þau tafarlaust. Í slíku tilviki ætti að heimila aðildarríkjum að gefa út tímabundin ökuskírteini sem koma í stað þeirra upprunalegu meðan á tímabundnu verndinni stendur, að því tilskildu að lögbær yfirvöld aðildarríkjanna séu í aðstöðu til að sannprófa upplýsingarnar sem einstaklingar, sem hafa neyðst til að yfirgefa heimili sín og heimahaga, hafa veitt, t.d. með aðgangi að landsskrám Úkraínu. Slík tímabundin ökuskírteini ættu að njóta gagnkvæmrar viðurkenningar í Sambandinu og stjórnsýslulegur gildistími þeirra ætti ekki að vera lengri en sem nemur tímabundnu verndinni.
- 11) Útgáfa tímabundinna ökuskírteina, þegar um er að ræða úkraínsk ökuskírteini sem hafa glatast eða verið stolið, og innleiðing skyldubundinnar viðbótarþjálfunar fyrir handhafa atvinnuskírteinis ökumanns eru valkvæðar ráðstafanir sem kunna að útheimta hóflegar landsbundnar framkvæmdarráðstafanir. Samþykkja ætti slíkar landsráðstafanir í samræmi við viðeigandi málsmeðferðarreglur í hverju aðildarríki.
- 12) Baráttan gegn svikum og fölsun skiptir miklu máli til að viðhalda umferðaröryggi og löggæslu. Hvað hana varðar ætti framkvæmd þessarar reglugerðar að fara fram samhliða samstarfi Úkraínu og Sambandsins á sviði stjórnsýslu að því er varðar stuðning við sannprófun á gildi og ósvikni skjala fyrir ökumenn sem eru gefin út í Úkraínu.
- 13) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.
- 14) Til að lágmarka stjórnsýsluálag á aðildarríki og til að forðast endurteknar endurnýjanir ætti gildislokadagur, sem skráður er í skjöl ökumanna sem gefin eru út í samræmi við þessa reglugerð, að samsvara núverandi mögulegri hámarks lengd tímabundinnar verndar að því er varðar einstaklinga frá Úkraínu, sem hafa neyðst til að yfirgefa heimili sín og heimahaga, að teknu tilliti til hugsanlegrar framlengingar á henni skv. 4. gr. tilskipunar 2001/55/EB. Þrátt fyrir gildislokadaginn, sem er skráður á skjölin, ætti gildistími þeirra þó að samsvara lengd tímabundnu verndarinnar.
- 15) Í ljósi innrásar Rússlands í Úkraínu og hversu brýnt er að mæla fyrir um sértækar og tímabundnar ráðstafanir varðandi skjöl fyrir ökumenn, sem gefin eru út í Úkraínu í samræmi við löggjöf landsins, er talið rétt að skírskota til undanþágunnar frá átta vikna frestinum sem kveðið er á um í 4. gr. bókunar 1 um hlutverk þjóðþinga í Evrópu-sambandinu sem fylgir sáttmálanum um Evrópusambandið, sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu.
- 16) Í ljósi þess að nauðsynlegt er að mæla tafarlaust fyrir um sértækar og tímabundnar ráðstafanir varðandi skjöl fyrir ökumenn, sem gefin eru út í Úkraínu í samræmi við löggjöf landsins, ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst eða á fimmta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
- 17) Í ljósi þeirra sérstöku aðstæðna sem réttlæta grunnvöll þessarar reglugerðar og sérstöku markmiðin sem stefnt er að þykir rétt að takmarka gildistími hennar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

### Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um sértækar og tímabundnar ráðstafanir sem gilda um skjöl fyrir ökumenn sem gefin eru út í Úkraínu í samræmi við löggjöf landsins og eru í höndum einstaklinga sem njóta tímabundinnar verndar eða fullnægjandi verndar samkvæmt landslögum í samræmi við tilskipun 2001/55/EB og framkvæmdarákvörðun (ESB) 2022/382.

2. gr.

### Skilgreining

Að því er varðar þessa reglugerð merkir „skjöl fyrir ökumenn sem gefin eru út í Úkraínu“ eftirfarandi:

- a) ökuskrírteini sem gefið er út í Úkraínu sem staðfestir að handhafa þess sé heimilt, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, að aka ökutæki samkvæmt úkraínskum lögum eða
- b) atvinnuskírteini ökumanna sem eru gefin út í Úkraínu í samræmi við löggjöf landsins sem var samþykkt til að framkvæma tilskipun 2003/59/EB skv. 1. mgr. 368. gr. og XXXII. viðauka við samstarfssamninginn milli Evrópusambandsins og Kjarnorkubandalags Evrópu og aðildarríkja þeirra annars vegar og Úkraínu hins vegar, til handa ökumönnum ökutækja á vegum sem stunda vöru- eða farþegaflutninga milli landa á vegum, sem falla undir gildissvið þeirrar tilskipunar.

3. gr.

### Viðurkenning ökuskrírteina sem gefin eru út í Úkraínu

1. Gild ökuskrírteini sem gefin eru út í Úkraínu skulu viðurkennd á yfirráðasvæði Sambandsins þegar handhafar þeirra njóta tímabundinnar verndar eða fullnægjandi verndar samkvæmt landslögum í samræmi við tilskipun 2001/55/EB og framkvæmdarákvörðun (ESB) 2022/382 þar til sú tímabundna vernd hættir að gilda. Sú viðurkenning hefur ekki áhrif á beitingu landsákvæða um takmörkun, tímabundna niðurfellingu, afturköllun eða ógildingu á réttinum til að aka ökutæki á yfirráðasvæði þess aðildarríkis, í samræmi við meginregluna um yfirráðasvæði í refsilögum og löggæsluákvæðum.
2. Ef einstaklingur sem nýtur tímabundinnar verndar eða fullnægjandi verndar samkvæmt landslögum, í samræmi við tilskipun 2001/55/EB og framkvæmdarákvörðun (ESB) 2022/382, hefur undir höndum gilt ökuskrírteini sem gefið er út í Úkraínu, skulu aðildarríki ekki krefjast framvísunar vottaðrar þýðingar þess eða alþjóðlegs ökuskrírteinis, eins og um getur í 2. mgr. 41. gr. Vínarsamningsins um umferð á vegum. Aðildarríki geta krafist framvísunar vegabréfs, skjals um tímabundna búsetu eða annars viðunandi skjals til að sannprófa deili á handhafa ökuskrírteinisins.

4. gr.

### Atvinnuskírteini ökumanns og ökumannsvottorð

1. Að beiðni einstaklings sem er handhafi atvinnuskírteinis ökumanns sem gefið er út í Úkraína, eins og um getur í b-lið 2. gr. þessarar reglugerðar, og sem nýtur tímabundinnar verndar eða fullnægjandi verndar samkvæmt landslögum í samræmi við tilskipun 2001/55/EB og framkvæmdarákvörðun (ESB) 2022/382, getur aðildarríkið þar sem þessi einstaklingur hefur fengið tímabundið dvalarleyfi eða aðildarríkið þar sem þessi einstaklingur nýtur fullnægjandi verndar samkvæmt landslögum:
  - a) þrátt fyrir 12. lið I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB <sup>(6)</sup>, skráð sérstaka bráðabirgðatáknölu Sambandsins „95.01 (til 6.3.2025 í síðasta lagi)“, sem merkir „Ökumaður sem er handhafi starfshæfnisvottorðs sem fullnægir kröfu um faglega hæfni – Sérútgáfa eingöngu meðan á tímabundnu verndinni stendur“, í reit 12 á síðu 2 ökuskrírteinis hlutaðeigandi einstaklings, að því tilskildu að sá einstaklingur sé einnig handhafi ökuskrírteinis að fyrirmynd Sambandsins sem er gefið út í viðkomandi aðildarríki eða

<sup>(6)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB frá 20. desember 2006 um ökuskrírteini (Stjttð. ESB L 403, 30.12.2006, bls. 18).

- b) gefið út atvinnuskírteini ökumanns til handa þeim einstaklingi með sérstaka bráðabirgðatáknölu Sambandsins „95.01 (til 6.3.2025 í síðasta lagi)“ í reit 10 á síðu 2 skírteinisins, eins og um getur í 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/59/EB.

Þrátt fyrir 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/59/EB skal ökumaður, sem nýtur tímabundinnar verndar eða fullnægjandi verndar samkvæmt landslögum og er handhafi atvinnuskírteinis ökumanns sem gefið er út í Úkraínu fyrir vöruflutninga á vegum, einnig hafa möguleika á að sýna fram á að hann hafi hæfi og þjálfun, sem kveðið er á um í 4. mgr. þessarar greinar, í formi ökumannsvottorðsins, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009 <sup>(7)</sup>, að því tilskildu að það beri táknölu Sambandsins „95.01 (til 6.3.2025 í síðasta lagi)“.

Að því er varðar þessa reglugerð skal útgáfuaðildarríki tilgreina táknölu Sambandsins „95.01 (til 6.3.2025 í síðasta lagi)“ í athugasemdahluta ökumannsvottorðsins, í samræmi við 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1072/2009, ef hlutaðeigandi handhafi hefur uppfyllt kröfur um þjálfun og próf og auk þess undirgengist skoðun þar sem lágmarkskröfum um líkamlegt og andlegt atgervi til að aka ökutæki er beitt sem kveðið er á um í þessari grein.

2. Atvinnuskírteini ökumanns og ökuskírteini með bráðabirgðatáknölu Sambandsins, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. þessarar greinar, og ökumannsvottorðin, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. þessarar greinar, skulu njóta gagnkvæmrar viðurkenningar á yfirráðasvæði Sambandsins. Handhafar slíkra atvinnuskírteina ökumanns, slíkra ökuskírteina með sérstaka bráðabirgðatáknölu Sambandsins „95.01 (til 6.3.2025 í síðasta lagi)“, eða slíkra ökumannsvottorða með sérstaka bráðabirgðatáknölu Sambandsins „95.01 (til 6.3.2025 í síðasta lagi)“, skulu teljast hafa uppfyllt kröfuna um skyldubundna grunnþjálfun sem er nauðsynleg til að annast akstursstarfsemina sem mælt er fyrir um í 3. gr. tilskipunar 2003/59/EB.

3. Með fyrirvara um síðari gerðir Sambandsins að því er varðar lengd tímabundnu verndarinnar, þrátt fyrir b-lið 4. liðar og 11. lið I. viðauka við tilskipun 2006/126/EB og b-lið 4. liðar II. viðauka við tilskipun 2003/59/EB, skal gildislokadagur slíkra atvinnuskírteina ökumanns eða sérstök bráðabirgðatáknöla Sambandsins, sem skráð er í ökuskírteinin, vera 6. mars 2025.

Þrátt fyrir dagsetninguna, sem skráð er í þau skjöl, skal stjórnarsýslulegur gildistími þó samsvara lengd tímabundinnar verndar, að því er varðar einstaklinga frá Úkraínu sem hafa neyðst til að yfirgefa heimili sín og heimahaga, eins og um getur í 4. gr. tilskipunar 2001/55/EB, og fullnægjandi verndar samkvæmt landslögum handhafa, eða gildistíma ökuskírteinisins, eftir því hvort hvort kemur fyrr. Handhafi skal upplýstur með fullnægjandi hætti um slíka takmörkun.

4. Áður en atvinnuskírteini ökumanns er gefið út eða áður en sérstök bráðabirgðatáknöla Sambandsins „95.01 (til 6.3.2025 í síðasta lagi)“ er skráð í ökuskírteinið eða ökumannsvottorðið, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skulu aðildarríki krefjast þess að handhafi atvinnuskírteinis ökumanns, sem gefið er út í Úkraínu og sem um getur í b-lið 2. gr., gangist undir skyldubundna viðbótarþjálfun sem lýkur með prófi í því skyni að sannprófa að ökumaðurinn hafi þá þekkingu sem krafist er í 1. þætti I. viðauka við tilskipun 2003/59/EB.

Skyldubundna viðbótarþjálfunin skal fela í sér a.m.k. 35 klukkustunda akstur en ekki meira en 60 klukkustunda akstur, þ.m.t. a.m.k. tveggja og hálf klukkustunda akstur með ökukennara sér við hlið, eins og tilgreint er í lið 2.1 í 2. þætti I. viðauka við tilskipun 2003/59/EB. Slík þjálfun getur verið í formi reglubundinnar skylduþjálfunar, eins og tilgreint er í 4. þætti I. viðauka við tilskipun 2003/59/EB. Með tilliti til nauðsynlegrar sérþjálfunar í þessu samhengi ætti að leggja áherslu á að ökumaðurinn öðlist þekkingu á reglunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 <sup>(8)</sup>.

Í lok þjálfunarinnar skulu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna eða aðili sem þau tilnefna leggja skriflegt eða munnlegt próf fyrir ökumanninn eða tölvustutt próf í tilnefndri prófunarstöð.

<sup>(7)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir farmflutninga á vegum milli landa (Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 72).

<sup>(8)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 frá 15. mars 2006 um samhfingingu tiltekinnna ákvæða félagsmálagggjafarinnar er varða flutninga á vegum og um breytingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 3821/85 og (EB) nr. 2135/98 og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 (Stjtið. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1).

Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um landsreglur, sem samþykktar eru í samræmi við þessa málsgrein, áður en atvinnuskírteini ökumanns er gefið út eða bráðabirgðatáknatalan er skráð í ökuskírteinið sem um getur í 1. mgr.

5. Ef atvinnuskírteini ökumanns, sem um getur í b-lið 2. gr. þessarar reglugerðar, sem er í höndum einstaklings sem nýtur tímabundinnar verndar eða fullnægjandi verndar samkvæmt landslögum í samræmi við tilskipun 2001/55/EB og framkvæmdarákvörðun (ESB) 2022/382, glatast eða er stolið, getur aðildarríkið þar sem þeim einstaklingi hefur verið veitt tímabundið dvalarleyfi eða þar sem hann nýtur fullnægjandi verndar samkvæmt landslögum, að beiðni þess einstaklings, sannprófað, m.a. með lögbærum yfirvöldum í Úkraínu, að sá einstaklingur sé handhafi gilds starfshæfnisvottorðs sem er gefið út í Úkraínu í samræmi við löggjöf landsins og að hann hafi ekki undir höndum skjal með bráðabirgðatákn tölu eða sem gefið er út í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar í öðru aðildarríki.

Eftir að hafa framkvæmt þá sannprófun getur hlutaðeigandi aðildarríki gefið út atvinnuskírteini ökumanns eða skráð sérstaka bráðabirgðatákn tölu Sambandsins „95.01 (til 6.3.2025 í síðasta lagi)“ í ökuskírteinið eða í ökumannsvottorðið, í samræmi við málsmæðferðarreglurnar sem eru settar fram í 1.–4. mgr.

6. Ef einstaklingurinn, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, er ekki handhafi ökuskírteinis að fyrirmynd Sambandsins sem aðildarríki gefur út, skulu aðildarríki, áður en atvinnuskírteini ökumanns er gefið út eða áður en hin sérstaka bráðabirgðatákn tala Sambandsins er skráð í ökumannsvottorðið í samræmi við þessa grein, krefjast skoðunar þar sem lágmarkskröfum um líkamlegt og andlegt atgerði til að aka ökutæki er beitt í samræmi við landslög sem voru samþykkt í því skyni að lögleiða III. viðauka við tilskipun 2006/126/EB.

7. Þegar gildistími tímabundinnar verndar einstaklinga frá Úkraínu sem hafa neyðst til að yfirgefa heimili sín og heimahaga, eins og um getur í 4. gr. tilskipunar 2001/55/EB, rennur út skulu atvinnuskírteini ökumanns, ökumannsvottorð sem aðildarríki gefa út og sérstök bráðabirgðatákn tala Sambandsins, sem er skráð í ökuskírteinið í samræmi við þessa grein, teljast ógild.

5. gr.

#### **Framlenging gildistíma útrunninna skjala fyrir ökumenn sem gefin eru út í Úkraínu**

Með fyrirvara um 3., 4. og 6. gr., ef Úkraína samþykkir ákvarðanir um að framlengja gildistíma skjala fyrir ökumenn, sem gefin eru út í Úkraínu, sem rennur út eftir 31. desember 2021 skulu aðildarríkin, að því er varðar 3., 4. og 6. gr., líta svo á að handhafar viðeigandi skjala fyrir ökumenn, sem gefin eru út í Úkraínu, hafi gild skjöl, að því tilskildu að Úkraína upplýsi framkvæmdastjórnina og aðildarríkin um ákvörðun sína um að framlengja gildistíma þeirra skjala fyrir ökumenn. Þessum upplýsingum skal miðlað eftir viðeigandi opinberum leiðum.

6. gr.

#### **Glötuð eða stolin ökuskírteini sem gefin eru út í Úkraínu**

1. Ef einstaklingur sem nýtur tímabundinnar verndar eða fullnægjandi verndar samkvæmt landslögum í samræmi við tilskipun 2001/55/EB og framkvæmdarákvörðun (ESB) 2022/382 lýsir því yfir að ökuskírteini hans hafi glatast eða því verið stolið getur aðildarríkið, þar sem viðkomandi einstaklingi hefur verið veitt tímabundið dvalarleyfi eða nýtur fullnægjandi verndar samkvæmt landslögum, að beiðni þess einstaklings, sannprófað, þ.m.t. með lögbærum yfirvöldum í Úkraínu, ökuréttindi sem viðkomandi einstaklingur hefur öðlast í samræmi við gildandi löggjöf í Úkraínu og að ekkert annað aðildarríki hafi nú þegar gefið út ökuskírteini til handa þeim einstaklingi í samræmi við þessa grein, einkum til að ganga úr skugga um að ökuskírteinið hafi ekki verið takmarkað, fellt tímabundið úr gildi eða verið afturkallað.

2. Þrátt fyrir 6. mgr. 11. gr. tilskipunar 2006/126/EB er aðildarríki heimilt, að lokinni sannprófuninni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, að gefa út ökuskírteini í sama flokki eða sömu flokkum til handa hlutaðeigandi einstaklingi, á grunni fyrirmyndar Sambandsins sem er sett fram í I. viðauka við tilskipun 2006/126/EB. Í slíku tilviki, og þrátt fyrir 12. lið I. viðauka við tilskipun 2006/126/EB, skulu aðildarríki skrá í reit 12 í ökuskírteininu sérstaka bráðabirgðatákn tölu Sambandsins „95.01 (til 6.3.2025 í síðasta lagi)“, sem merkir „Sérstök útgáfa sem gildir einungis meðan á tímabundinni vernd stendur (glatað eða stolið ökuskírteini frá Úkraínu)“.

Þegar sannprófunin, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, er framkvæmd og áður en ökuskírteini, sem um getur í þessari málsgrein fyrir flokka AM, A1, A2, A, B, B1 og BE, er gefið út geta aðildarríki krafist skoðunar þar sem lágmarkskröfum um líkamlegt og andlegt atgervi til að aka ökutæki er beitt í samræmi við landslög sem voru samþykkt í því skyni að lögleiða III. viðauka við tilskipun 2006/126/EB.

Þegar sannprófunin, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, er framkvæmd og áður en ökuskírteini, sem um getur í þessari málsgrein fyrir flokka C, CE, C1, C1E, D, DE, D1 og D1E, er gefið út skulu aðildarríkin krefjast skoðunar þar sem lágmarkskröfum um líkamlegt og andlegt atgervi til að aka ökutæki er beitt í samræmi við landslög sem voru samþykkt í því skyni að lögleiða III. viðauka við tilskipun 2006/126/EB.

3. Ökuskírteinið, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, skal njóta gagnkvæmrar viðurkenningar innan Sambandsins. Með fyrirvara um síðari gerðir Sambandsins að því er varðar lengd tímabundnu verndarinnar, þrátt fyrir b-lið 4. liðar og 11. lið I. viðauka við tilskipun 2006/126/EB, skal gildislokadagur slíkra ökuskírteina vera 6. mars 2025. Þrátt fyrir þann dag sem skráður er í slíkt ökuskírteini skal stjórnarsýslulegur gildistími þess þó samsvara lengd tímabundnu verndarinnar, að því er varðar einstaklinga frá Úkraínu sem hafa neyðst til að yfirgefa heimili sín og heimahaga, eins og um getur í 4. gr. tilskipunar 2001/55/EB, eða lengd tímabundnu verndarinnar eða fullnægjandi verndarinnar samkvæmt landslögum handhafans, eftir því hvort kemur fyrr. Handhafi skal upplýstur með fullnægjandi hætti um slíka takmörkun.

4. Ef sannprófunin, sem um getur í 1. mgr., er ekki möguleg skal viðkomandi aðildarríki ekki gefa út ökuskírteinið sem um getur í 2. mgr. Í slíku tilviki getur aðildarríkið gefið út ökuskírteini, sem er eingöngu gilt á yfirráðasvæði þess, til handa hlutaðeigandi einstaklingi í samræmi við landslög sín. Slíkt skírteini skal vera frábrugðið þeirri fyrirmynd sem mælt er fyrir um í I. viðauka við tilskipun 2006/126/EB.

5. Þegar gildistími tímabundinnar verndar einstaklinga frá Úkraínu sem hafa neyðst til að yfirgefa heimili sín og heimahaga, eins og um getur í 4. gr. tilskipunar 2001/55/EB, rennur út skulu ökuskírteini, sem aðildarríki gefa út í samræmi við þessa grein, teljast ógild.

7. gr.

### Forvarnir gegn svikum og fölsun

Við beitingu þessarar reglugerðar skulu aðildarríki beita öllum viðeigandi ráðum til að koma í veg fyrir og berjast gegn svikum í tengslum við skjöl fyrir ökumenn, sem gefin eru út í Úkraínu, og fölsun þeirra.

Aðildarríkjum er heimilt, hvenær sem er, að sannprófa gildi skjala fyrir ökumenn sem gefin eru út í Úkraínu. Aðildarríkjum er heimilt að synja viðurkenningu slíkra skjala fyrir ökumenn ef svar frá úkraínskum yfirvöldum er neikvætt eða ef ekkert svar berst frá þeim í kjölfar samráðs við þau um réttindin sem handhafi skjals fyrir ökumenn, sem gefið er út í Úkraínu, gerir kröfu um og ef um er að ræða alvarlegar efasemdir um ósvikni viðkomandi skjals sem bendir til þess að umferðaröryggi sé í hættu.

Aðildarríkin skulu ekki beita ákvæðum þessarar reglugerðar að því er varðar skjöl fyrir ökumenn sem gefin eru út í Úkraínu á rafrænu formi ef þau geta ekki sannprófað ósvikni, heilleika og gildi þeirra.

8. gr.

### Vöktun

Framkvæmdastjórnin skal upplýsa Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd þessarar reglugerðar á sex mánaða fresti eftir gildistöku hennar, einkum á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin veita framkvæmdastjórninni.

9. gr.

### Gildistaka og framkvæmd

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á fimmta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Þessi reglugerð skal falla úr gildi daginn eftir að gildistími tímabundinnar verndar einstaklinga frá Úkraínu sem hafa neyðst til að yfirgefa heimili sín og heimahaga, eins og um getur í 4. gr. tilskipunar 2001/55/EB, rennur út í samræmi við 6. gr. þeirrar tilskipunar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. júlí 2022.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

R. METSOLA

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

Z. NEKULA

*forseti.*

\_\_\_\_\_